

Sp.

40. Tillaga til þingsályktunar

[36. mál]

um stækkun friðunarsvæðis fyrir Vestfjörðum.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Eiríkur Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að breyta 1. gr. reglugerðar nr. 21 19. marz 1952, um verndun fiskimiða umhverfis Íslands, sem hér segir:

Friðunarlína fyrir Vestfjörðum á svæðinu milli Bjargtanga og Kögurs skal dregin þannig, að hún liggi 16 sjómílum utar en grunnlínupunktur þeir, sem hún er miðuð við, nr. 43—47 í reglugerðinni, þó þannig, að aðliggjandi takmarkalínur núverandi friðunarsvæðis að norðan og sunnan framlengjast í beina stefnu, þangað til þær ná þessari nýju línu.

Greinargerð.

Tillaga þessi er fram borin af brýnni nauðsyn og eftir sameiginlegum óskum vestfirzkra sjómanna og útgerðarmanna. Reynslan hefur nefnilega sýnt, að við ákvörðun nýju friðunarlínunnar hefur ágengni togbáta og togara stórukízt fyrir Vestfjörðum. Er það bein afleiðing þess, að sunnan- og vestanlands lokuðust með hinum nýju friðunarsvæðum víðáttumikil togveiðisvæði, sem botnvörpuskip, erlend og innlend, áttu áður aðgang að. Nú stefna þau til Vestfjarðamiða með margföldum þunga.


Svo hagar til, eins og kunnugt er, að úti fyrir Vestfjörðum eru einhver fiski-sælustu togaramið í heimi, „Halamið“. Á þau leitar nú miklu meiri fjöldi skipa en nokkru sinni fyrr, og stunda þau, einkum útlendu skipin, oft veiðiskap allt utan af Hala og upp að nýju friðunarlínunni, sem nálega alls staðar fyrir Vestfjörðum færðist aðeins út um eina sjómílu. Hefur reynslan sýnt, að fiskgöngur upp á grunnmiðin virðast bókstaflega stöðvast við þessa margföldu girðingu botnvörpuskipanna fyrir utan. Segja togaraskipstjórar t. d., að nokkur undanfarin haust hafi verið slík fiskgengd úti fyrir Djúpál, að þeir muni tæpast annað eins. En staðreynd er það, að þær fiskgöngur hafa ekki komið inn á bátamiðin, og hafa vélbátar búið við sama tregfiskið og verið hefur, síðan línunni var breytt.

Er nú svo komið, að útgerðarmenn og sjómenn á Vestfjörðum eru að gefast upp á vélbátaútgerð, sem þó hefur lengstum verið aðallífsbjargarvegur fólksins í þessum landshluta.

Um þessar mundir er algengt að heyra vonleysið brjótast fram hjá vestfirzku-um útgerðarmönnum og sjómönnum í þessum og því líkum setningum: „Vélbátaútgerðin á Vestfjörðum virðist vera dauðadæmd, ef ekkert verður að gert. Ef til vill verður þetta seinasta vertíðin, sem við reynum að gera út, nema friðunarsvæðið fái stækkun.“ Uppgjöfin hefur mjög almennt gripið um sig, og er hér því mjög alvarlegt mál á ferðinni.

Þessi mál hafa mikið verið rædd af útgerðarmönnum og sjómönnum á Vestfjörðum. Einnig hefur þing- og héraðsmálafundur Vestur-Ísafjarðarsýslu tekið málið til umræðu og gert um það ályktun. Var þar lútin í ljós ánægja yfir rýmkun friðunarsvæðisins, þegar á heildina væri litið, en jafnframt skorað á Alþingi og ríkisstjórn að halda fast á rétti þjóðarinnar til landgrunnsins til fiskveiða og verndar fiskstofninum. „Einnig telur fundurinn brýna nauðsyn á, að landhelgisgæzlan verði aukin, og þá sérstaklega við Vestfirði, þar sem vitað er, að eftir að hin nýja friðunarlína var sett, hefur ágengni botnvörpuskipa stórukízt þar.“

Það er mikilsvert, að þingmenn geri sér ljóst, að með ákvörðun hinnar nýju friðunarlínu urðu línuveiðaslóðir vélbátanna víðast hvar fyrir innan friðunarlínuna. En á Vestfjörðum er því ekki þannig farið. Þar eru flest hin gömlu hefðbundnu mið vélbátaflotans 10—20 sjómílu undan yztu andnesjum.



Aðalveiðislóðir vélbátanna fyrir Vestfjörðum liggja þannig svo að segja allar fyrir utan núverandi friðunarlínu og ná að vísu einnig verulega út fyrir þá línu, sem hér er farið fram á að ákveða. Hins vegar liggja Halamið — gullkista togveiðiskipanna — 50 sjómilur frá yztu andnesjum, svo að nærri þeim er alls ekki höggvið með þeirri auknu friðun, sem hér er farið fram á fyrir vélbátafлотann.

Samkvæmt lögum nr. 44 frá 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, skal sjávarútvegsmálaráðuneytið ákvarða með reglugerð „takmörk verndarsvæða við strendur landsins innan endimarka landgrunnsins, þar sem allar

veiðar skuli háðar íslenskum reglum og eftirliti, enda verði friðun á landgrunninu á engan hátt rýrð frá því, sem verið hefur.“

Enn fremur segir í 1. gr. laganna:

„Ráðuneytið skal einnig ákvarða allar þær reglur, sem nauðsynlegar eru til verndar fiskimiðunum á ofangreindum svæðum.“

Í þessari tillögu er farið fram á það, samkvæmt þessum skýru lagaheimildum, að takmörk friðunarsvæðisins fyrir Vestfjörðum verði ákveðin af sjávarútvegsmálaráðuneytinu 16 sjómilur utan við grunnlinupunktana 43—47 — þ. e. Bjargtanga, Kópanes, Barða, Straumnes og Kögur — í reglugerðinni um verndun fiskimiða umhverfis Ísland.

Hér er líka um það að ræða, að friðun landgrunnsins á Vestfjarðasvæðinu hefur orðið fyrir skerðingu vegna aukins ágangs innlendra og erlendra togveiðiskipa. Um nauðsynina á því að tryggja fiskimiðum vélbátaflotans á Vestfjörðum aukna friðun og vernd, er ekki hægt að deila. Reynslan hefur þegar sýnt, að hér liggur við, að aðallífsbjargarvegur fólksins í heilum landshluta sé að leggjast í örtröð, ef ekkert verður að gert.

Þá stendur hér og alveg sérstaklega á: Hvergi hagar þannig til annars staðar við strendur landsins, að línuveiðasvæðin liggja öll utan friðunarlínu og auðug togaramið, eins og „Halinn“, liggja þar fyrir utan og valdi því, að enginn friður er fyrir vélbátana að athafna sig á hinum hefðbundnu vélbátamiðum. Það má því segja, að hér sé um að ræða lífsnauðsynjamál, sem ekki getur skapað neitt almennt fordæmi annars staðar.

Þykir okkur flutningsmönnum mikið við liggja, að þingmenn kynni sér þetta mál gaumgæfilega, og þarf þá varla að efa, að þeir stuðla að því, að ríkisstjórninni verði falið að framkvæma þá breytingu á reglugerðinni frá 19. marz 1952 um verndun fiskimiða umhverfis Ísland, sem hér er farið fram á.

Til þess að gera mönnum auðveldara fyrir að átta sig á, hvaða breytingu er um að ræða á friðunarsvæðinu fyrir Vestfjörðum, ef tillagan er samþykkt, látum við fylgja kort af hinni hugsuðu friðunarlínu fyrir Vestfjörðum.